

67
9. júlí

REGLUGJÖRÐ

um

viðauka við almenna reglugjörð um fjallskil fyrir Vestur-Skaftafells-sýslu frá 6. júlí 1899.

Ákvæði, sem gilda aðeins fyrir Skaftártunguhrepp.

1 gr.

Skyldur til að gera fjallskil er hver sá fjáreigandi í hreppnum, sem ekki er öðrum háður sem hjú og á 30 sauðkindur eða fleiri.

2. gr.

Ef búandi maður og fjallskilaskyldur hefir engan mann til fjallskila og getur eigi útvegað hann, skal hann tilkynna það hreppsnefnd 6 dögum áður en fjallgöngur byrja, hreppsnefnd útvegar þá mann eða annað, sem til þarf, og borgar fjáreigandi sektalaust allan þann kostnað, sem af fjallskilunum leiðir, án tillits til mats á þeim, en gæta skal hreppsnefnd þess, að sá kostnaður verði ekki fram úr hófi.

3. gr.

Í sambandi við smölun afréttar, og áframhaldi af hverju afréttarsafni, skulu smalaðar Búlands- og Ljótarstaðaheiðar, svo og Snæbýlisheiði vestan á móti. — Auk þeirra safnsmanna, er afrétt smala, skulu búendur utan Tungufljóts og ábúandi Ljótarstaða leggja 6 menn til smölunar í 1. safn og 3 menn í 2. safn tveggja hinna fyrnefndu heiða, en hver búandi vestan Tungufljóts að undanskildum Ljótarstöðum 1 mann í hvert safn Snæbýlisheiðar.

4. gr.

Nú rennur svo margt fé úr Meðallandi, sem er afréttarlaust, í landareign Skaftártungu, að hreppsþúar yfirleitt telja tjón að á beitarlöndum sínum, er þá hreppsnefnd skylt að láta telja það fé í skilaréttum á haustin og krefja hagatolls af því, er sé $\frac{1}{3}$ hærri en venjulegur hagatollur af því fé, er hagaleyfi hefir, og stendur hreppsnefnd Leiðvallarhrepps skil á honum. Rennur hagatollur sá $\frac{1}{2}$ í hreppssjóð Skaftártunguhrepps, en $\frac{1}{2}$ til þeirra landeigenda, er upprekstra mega taka, þó ekki meira en svarar til þess, að þeir hefðu notað upprekstrarleyfi sitt að fullu; hreppssjóður fær það, sem umfram kynni að verða.

Ákvæðum þessum má með leyfi oddvita sýslunefndar beita **67**
gagnvart rennslífé úr öðrum hreppum ef veruleg ástæða þykir til, og 9. júlí
samkomulag næst ekki á annan hátt við viðkomandi hreppsnefndir.

Rísi ágreiningur milli hreppsnefnda um ákvörðun hagatolls,
má skjóta málinu til oddvita sýslunefndar.

5. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sömu viðurlögum og brot á
hinni almennu fjallskilareglugjörð.

Að öðru leyti gildir hin almenna reglugjörð, svo og sérákvæði
fjallskilareglugjörðar fyrir Leiðvallarhrepp forna frá 26. apríl 1876,
er í gildi mega teljast.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu hefir
samið og samþykkt, samkvæmt 41. grein sveitarstjórnarlaganna, sbr.
lög nr. 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi
1. ágúst þ. á.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. júlí 1929.

Jónas Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGJÖRD

um

refaveiðar og refaeldi í Suður-Pingeyjarsýslu.

I. KAFLI.

1. gr.

Hreppsnefndir hafa alla stjórn og umsjón refaveiða, hver í
sínnum hreppi, og útvega refaskyttur, en kjósa mega þær einn mann
úr sínum flokki, til að sjá um alla framkvæmd refaveiðanna, og
nefnist hann refaveiðastjóri.

2. gr.

Hver búandi er skyldur til að leita grenja í heimalandi ábýlis-
jarðar sinnar, á hverju vori, en sé land hans notað til uppreksturs